



**Markaðsstofa  
Suðurlands**

## Fundargerð

9. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 4. maí 2026, sem er fjárfundur að þessu sinni.

### Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Jelena Ohm, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Sveinn Hreiðar Jenson, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu  
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

### Boðuð forföll:

Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir

### Dagskrá fundar:

- Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2025 - yfirferð framkvæmdastjóra
- Aðalfundur og árshátíð – upplýsingar um stöðu
- Önnur mál

### Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2026

Framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning 2026 og skýrir lykiltölur. Hagnaður á rekstri ársins voru kr. 1.294.225.- fyrir skatta. Stjórn samþykkir ársreikning.

.

### Aðalfundur og árshátíð – upplýsingar um stöðu

Framkvæmdastjóri fer yfir dagskrá og stöðu skráninga á aðalfund og árshátíð Markaðsstofunnar. Samgöngur hafa enn ekki hafist í gegnum Landeyjarhöfn og verður tekin lokaákvörðun síðar í dag með hvort aðalfundurinn verði fluttur upp á land. Ef svo fer verður haldinn aðalfundur en árshátíð bíður

betri tíma. Sama hvor leiðin verður farin þá munu viðurkenningar fyrir framlag til ferðaþjónustu og sprota ársins verða veittar. Framkvæmdastjóri hafði í tölvupósti frá 27. apríl sl. lagt til við stjórn hverjir munu hljóta viðurkenningarnar í ár. Stjórn samþykkti tillögurnar samhljóða.

Markaðsstofan mun bjóða upp á súpu í upphafi aðalfundar. Um 30 manns eru skráð á viðburðinn eins og er.

### Önnur mál

Framkvæmdastjóri upplýsir að stjórnarformenn og framkvæmdastjórar MSS og SASS hafi sameiginlega sent ráðuneytum og þingmönnum kjördæmisins áskorun þess efnis að bregðast þurfi hratt og örugglega við samgöngumálum til og frá Vestmannaeyjum. Nú er ferðaþjónustan að komast á fullt eftir veturinn og skiptir sköpum fyrir fólk og fyrirtæki í Eyjum að samgöngur gangi hnökralaust fyrir sig.

**Fundi slitið kl. 11:00**